

## Nefndarálit

### um tillögu til þingsályktunar um framfylgd ályktana Vestnorðæna ráðsins árið 2023.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steinunni Þóru Árnadóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorðæna ráðsins, og Hildi Edwald, ritara Íslandsdeildar.

Með tillögunni er skorað á ríkisstjórnina að vinna að framkvæmd fjögurra ályktana Vestnorðæna ráðsins sem samþykktar voru á ársfundi ráðsins 29.–30. ágúst 2023.

Í ályktun Vestnorðæna ráðsins nr. 1/2023, um hafið sem matarkistu okkar, eru leiðtigar ríkisstjórn og þjóðþinga landanna þriggja hvattir til að útbúa heildræna áætlun um það hvernig vestnorðæna lönd geti unnið saman og staðið vörð um hafið sem matarkistu okkar og þannig komið í veg fyrir að auðlindir fari til spillis og um leið tryggt fæðuöryggi.

Í ályktun Vestnorðæna ráðsins nr. 2/2023, um vestnorðænar næringarráðleggingar, eru ríkisstjórnir landanna hvattar til að kanna möguleika á að koma á sameiginlegum vestnorðænum næringarráðleggingum. Í þeim ráðleggingum yrði áhersla lögð á staðbundna matarmenningu og fæðu úr nærumhverfi.

Í ályktun Vestnorðæna ráðsins nr. 3/2023, um að draga úr matarsóun og auka matvælaöryggi, eru vestnorðænar umhverfisráðherrar hvattir til að halda fund árið 2024 og skiptast á reynslu og hugmyndum um hvernig löndin geti dregið úr matarsóun og aukið matvælaöryggi á Vestur-Norðurlöndum.

Í ályktun Vestnorðæna ráðsins nr. 4/2023 eru stjórnvöld hvött til að kanna möguleika á auknu samstarfi í tengslum við lýðskóla (d. *efterskole*) og athuga hvort nemendur slíkra skóla geti sótt um styrk til upphalds meðan á slíku námi stendur. Með lýðskóla er hér átt við skólastig fyrir nemendur á aldrinum 14–18 ára.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Birgir Þórarinsson og Bjarni Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Gísli Rafn Ólafsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álið þessu.

Alþingi, 17. apríl 2024.

Diljá Mist Einarsdóttir,  
form.

Logi Einarsson,  
frsm.

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

Jón Gunnarsson.

Katrín Sif Árnadóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.